

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027.

Frá 2. minni hluta velferðarnefndar.

Annar minni hluti tekur undir álit meiri hluta nefndarinnar og styður þær breytingar-tillögur sem þar eru settar fram. 2. minni hluti telur þó að rétt hefði verið að ganga lengra í fyrirætlunum um að binda enda á nauðung í geðheilbrigðisþjónustu.

Fyrir örfáum misserum samþykkti þing Evrópuráðsins ályktun um að binda enda á nauðung í meðferð geðheilbrigðismála í Evrópu. Bygðist ályktunin á skýrslu sem unnin var fyrir þingið um stöðu þessara mála í Evrópu og nauðsynlegar úrbætur. Í skýrslunni kom m.a. fram að beiting nauðungar og annarra þvingunarúrræða í geðheilbrigðismálum fari vaxandi í Evrópu og að breytingar á löggjöf sem ætlað væri að draga úr slíkri nauðung hefðu ekki tilskilin áhrif í framkvæmd.

Orsökina er rakin til viðhorfa og menningar sem reiðir sig á „stjórnun“ og „meðferð“ einstaklinga sem taldir eru hugsanlega hættulegir sjálfum sér eða öðrum. Sé vísan til hættu á ofbeldi af hálfu þessara einstaklinga ríkjandi réttlætning fyrir valdbeitingu í geðheilbrigðismálum og það þrátt fyrir að rannsóknir hafi hvorki leitt í ljós sérstök tengsl á milli geðraskana og ofbeldis né sýnt fram á gagnsemi valdbeitingar til þess að koma í veg fyrir að fólk valdi sjálfu sér eða öðrum skaða.

Bent hefur verið á að markmið um að lágmarka ofbeldi og mögulega lífsgæðaskerðingu sem leiðir af „löglegum“ þvingunum og valdbeitingu séu af hinu góða, en að erfitt sé að vinna með þá þversögn að nauðung, þvinganir og ofbeldi fari ekki saman við læknanandi meðferð. Telur 2. minni hluti til bóta að í framkvæmdaáætluninni sé kveðið á um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar og að miðað sé við þá meginreglu að beiting nauðungar sé ekki heimil. Með undantekningum frá þeirri meginreglu sem lúta að öðru en því sem felst í þeim neyðarrétti sem þegar má finna í lögum telur 2. minni hluti hins vegar lítið gert úr þeirri meginreglu og unnið gegn inntaki hennar.

Fyrir liggur að nauðung er beitt í geðheilbrigðisþjónustu hér á landi, í sumum tilvikum, þrátt fyrir að lagaheimildir séu ýmist ófullnægjandi eða ekki til staðar. Þá liggur fyrir að eðli, umfang og áhrif þvingaðra meðferða á Íslandi er lítt þekkt og hefur skráningu og eftirliti með þeim hér á landi verið verulega ábótavant og er enn, þrátt fyrir ábendingar sem komið hafa fram, m.a. í OPCAT-eftirliti umbodsmanns Alþingis, með aðstæðum frelsissviptra á Íslandi. Viðbrögð heilbrigðisráðherra við þessu hafa verið þau að leggja fram frumvarp (á 151. löggjafarþingi) þar sem lagt var til að heimildir til beitingar nauðungar yrðu lögfestar, en lítið hefur verið aðhafst til þess að stöðva ólögmetna nauðung í geðheilbrigðisþjónustu og engar áætlanir fyrirbyggjandi um að vinna að því að binda enda á beitingu hennar.

Í skýrslu Evrópuráðsþingsins er farið yfir ýmsar leiðir sem hægt er að fara til þess að koma alfarið í veg fyrir að beita þurfi nauðung gagnvart fólki með geðraskanir. Er í kjölfarið skorað á aðildarríki að stefna að heilbrigðiskerfi algerlega lausu við nauðung og þvinganir.

Á meðal þeirra skrefa sem lagt er til að ríkið taki í þessa átt er að þróa framtíðarsýn um róttæka fækkun tilfella þar sem nauðung er beitt í samstarfi allra hlutaðeigandi og þá sérstaklega einstaklinga með geðraskanir og þjónustuveitendur. Lagt er til að ríkin byggi upp áhrifaríka og aðgengilega stuðningsþjónustu fyrir einstaklinga í andlegum erfiðleikum, þar á meðal örugg og stuðningsrík úrræði fyrir fólk til að ræða hugsanir um sjálfsskaða og sjálfsvíg. Fjármagna þarf rannsóknir á úrræðum án þvingunar, forvarnir og snemmtæka greiningu geðraskana og snemmtæk úrræði án þvingunar, sér í lagi fyrir börn og ungt fólk, án fordóma. Berjast þarf gegn staðalímyndum um fólk með geðraskanir og staðalímyndum um ofbeldi og fólk með geðraskanir með vitundarvakningu, með þátttöku allra sem hafa aðkomu að slíkum málum, þ.m.t. þjónustuveitenda, fjölmiðla, löggæslu og almennings, til viðbótar við fólk með sjálfsvíg sem upplifað hefur geðraskanir. Endurskoða þarf námskrár á öllum námsstigum með það fyrir augum að tryggja að þær séu í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Berjast þarf gegn útilokun og útskúfun fólks með geðraskanir með því að tryggja því aðgang að viðeigandi félagslegri þjónustu, húsnæði og atvinnu. Að lokum er lagt til að veita aðstandendum fólks með geðraskanir bæði félagslegan og fjárhagslegan stuðning til að koma til móts við álag og áskoranir sem fylgja úrræðaleyfi fyrir fólk með geðraskanir. Allt eru þetta skref sem þarf að stíga í þá átt að hætta alfarið að neyða fólk til að þiggja meðferð eða loka það inni vegna geðraskana.

Hefði 2. minni hluti nefndarinnar því viljað sjá metnaðarfullri markmið í tillögunni um að binda enda á nauðung í geðheilbrigðismálum. Ljóst er að margt þarf að koma til til þess að gera starfsfólki í geðheilbrigðisþjónustu fært að sinna sínu hlutverki sem best væri á kosið, allt frá breyttum viðhorfum til nýrrar staðsetningar og umhverfis þjónustunnar. Að öðru leyti styður 2. minni hluti álit meiri hlutans og leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem þar eru lagðar til.

Alþingi, 19. mars 2024.

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir.